



## Reglur um gerð og meðferð viðauka við fjárhagsáætlun hjá Akureyrarbæ.

### 1. Markmið

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ( nr. 138/2011) og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlun og ársreikninga sveitarfélaga ( nr. 1212/2015) er fjárhagsáætlun bindandi fyrir yfirstandandandi ár og óheimilt að víkja frá áætlun nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun. Markmið með þessum reglum er að skýra ferlið við gerð viðauka hjá Akureyrarbæ. (sjá einnig fylgiskjal III við reglugerð og Form I og II)

### 2. Gerð viðauka.

Fjárhagsáætlun ársins skal fylgja í hvívetna. Komi upp óvænt atvik sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun eða kalla á breytingu áætlunarinnar og nauðsynlegt er að bregðast við skal gerður viðauki við áætlunina sem samþykktur skal af bæjarstjórn. Frumkvæði að gerð viðauka berst bæjarstjórn í meginatriðum með tvennum hætti, annars vegar frá fagráði og hins vegar frá bæjarráði eftir því hvort viðaukinn snertir aðeins málsvið viðkomandi fagráðs eða Akureyrarbæ í heild, ss. vegna breytinga vegna kjarasamninga, þá er viðaukinn gerður miðlægt og fer aðeins fyrir bæjarráð. Tillaga fagráðs um viðauka skal koma til afgreiðslu í bæjarráði áður en hann fer til bæjarstjórnar.

### 3. Viðauki frá fagráði.

Óski fagráð að gerður verið viðauki skal meginregla vera að viðfangsefnið fer í tvær umræður hjá ráðinu, fyrst til kynningar og síðan til afgreiðslu á næsta fundi á eftir. Við afgreiðslu tillögu að viðauka á seinni fundi ráðsins skal fylgja með skýring/greinargerð fyrir ástæðu viðaukans og tölulegt yfirlit yfir áhrif hans á viðkomandi málaflokk, brotið niður á yfirlíði kostnaðarstöðvar sbr. fjárhagsáætlun. Frekari sundurliðun skal senda fjársýslusviði í fylgiskjali ásamt dreifingu innan ársins ef hún er önnur en jöfn.

### 4. Viðauki fyrir bæjarráð.

Bæjarráð tekur fyrir tillögu að viðauka sem berst frá fagráði og afgreiðir til bæjarstjórnar. Fjársýslusvið undirbýr viðaukann fyrir bæjarráð í samræmi við 3. grein fylgiskjals III um gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

Bæjarráð gerir og leggur til við bæjarstjórn viðauka vegna ákvarðana sem snerta sveitarfélagið í heild sinni s.s. vegna gerð kjarasamninga eða óvæntra breytinga á fjárhagsáætlun sem ekki eru á verksviði einstakra fagráða. Viðauki sem bæjarráð leggur til skal lagður fyrir til kynningar hjá viðkomandi fagráðum á fyrsta fundi eftir staðfestingu bæjarstjórnar.

### 5. Gátlisti vegna jafnréttismats við fjárhagsáætlanagerð.

Með viðauka skal fylgja gátlisti vegna jafnréttismats. Óheimilt er að samþykkja viðauka nema útfylltur gátlisti fylgi með.

Samþykkt í bæjarráði 16 mars 2017



Úr sveitarstjórnarlögum:

Sveitarstjórnarlög

2011 nr. 138 28. september

**63. gr. Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.**

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggja samþykktur viðauki, sbr. 1. másl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Úr reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga:

1212/2015

**Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga**

18. gr.

*Viðaukar við fjárhagsáætlun.*

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun næstkomandi árs nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Í tillögu til sveitarstjórnar að viðauka við fjárhagsáætlun skal því lýst hvaða breyttu forsendur kalli á breytingu á áætluninni og í hverju breytingin felist. Í fylgiskjali III er að finna nánari leiðbeiningar vegna gerðar viðauka við fjárhagsáætlun auk leiðbeinandi forms um hvernig breytingin er útfærð. Þar eru einnig tilgreind þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka/liða eru heimilær án þess að fyrir liggja samþykktur viðauki, sbr. 4. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.



### Fylgiskjal III.

#### **Gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga.**

##### 1. gr.

##### *Hlutverk viðauka við fjárhagsáætlun.*

Markmið með kröfu um gerð viðauka við fjárhagsáætlun er að styrkja eftirlit og stjórnun vegna fjármála sveitarfélaga og gera skýrar formkröfur um þau frávík frá fjárhagsáætlun sem sveitarstjórn kann að þurfa að ákveða innan fjárhagsárs.

##### 2. gr.

##### *Skylda til að samþykkja viðauka.*

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Óheimilt er því að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun, sbr. 2. mgr. 63. gr. laganna.

Með tilfærslu milli liða í 1. mgr. er átt við að heimildir séu færðar á milli málaflokka, án tillits til þess hvort heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar breytist til hækkunar eða lækkunar eða helst óbreytt.

##### 3. gr.

##### *Form viðauka við fjárhagsáætlun.*

Viðauki við fjárhagsáætlun skal lagður fyrir sveitarstjórn í þeirri mynd sem sýnd er á formi 1. Þá skal samhliða leggja fyrir fund sveitarstjórnar nánari upplýsingar, t.d. í formi minnisblaðs, þar sem fram kemur almenn lýsing á tilefni og nauðsyn viðaukans, og öðrum ráðstöfunum sem tengjast fyrirhuguðu frávíki frá fjárhagsáætlun.

Viðauki er ekki gildur nema hann feli í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildar- tekjur breytist ekki vegna samþykktar hans, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í viðauka þurfa því eftirfarandi þættir að vera til staðar:

- 1) tölulegt yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka (rekstur og/eða fjárfesting),
- 2) útfærsla á hvernig frávíkum frá fjárhagsáætlun skuli mætt og
- 3) tölulegt heildaryfirlit rekstrarreiknings og sjóðstreymis um annars vegar upphaflega fjárhagsáætlun og hins vegar yfirlit um samþykktar viðauka.

Samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun skulu merktir í hlaupandi númeraröð ásamt ártali.

##### 4. gr.

##### *Tilfærslur innan málaflokka án þess að fyrir liggja samþykktur viðauki.*

Tilfærslur innan málaflokka eru heimilar án þess að fyrir liggja samþykktur viðauki, enda feli þær ekki í sér hækkun eða lækkun á fjárheimild málaflokksins í heild. Slíkar tilfærslur skulu þó færðar í viðauka við fyrsta tækifæri, þ.e. þegar til þess kemur næst að viðauki er lagður fyrir sveitar- stjórn til afgreiðslu. Gefist ekki slíkt tækifæri skulu þær tilfærslur sem gerðar hafa verið skv. þessari heimild færðar í sérstakan viðauka eigi síðar en við lok fjárhagsársins.

Ekki er gerð krafa um að viðaukum við fjárhagsáætlun sem varða eingöngu tilfærslur innan málaflokka sé skilað á sama formi og öðrum viðaukum og er sveitarstjórn frjálst að útfæra viðauka þessa með öðrum hætti, þó þannig að slíkir viðaukar innihaldi þær upplýsingar sem kveðið er á um í

3. gr. eftir því sem við á. Leiðbeinandi fyrirmynd þessara viðauka er að finna í formi 2.

Heimild til tilfærslna innan málaflokka skv. 1. mgr. er háð því að sveitarstjórn hafi áður sam- þykkt sérstakar verklagsreglur um framkvæmd slíkra tilfærslna, þar sem fram komi m.a. með skýrum hætti hvaða starfsmenn sveitarfélagsins fari með slíka heimild.

5. gr.

*Ráðstafanir sem ekki þola bið.*

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. gr.

*Skil á viðaukum við fjárhagsáætlun.*

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofu Íslands innan 15 daga frá afgreiðslu hans, sbr. þó ákvæði 4. gr.



Akureyrarbær

## Fjárhagsáætlun, jafnréttismat

vegna ákvarðana um breytingar á starfsemi eða óska um viðauka

### Málaflokkur

Heiti

kostnaðarstöðvar:

Dags.:

Nefnd:

Starfsmaður:

### Breyting sem til stendur að gera


### Markmið breytingar


### Nefndarfólk sem tók þátt í afgreiðslu

Formaður:

Varaformaður:

Nefndarmaður:

Nefndarmaður:

Nefndarmaður:

Áheyrnarfulltrúi:

### Upplýsingar um þjónustuþega

Breytingarnar eða viðaukinn snertir:

Merkið við öll atriðin sem við eiga.

Konur

Karla

*Snertir málaflokkurinn einnig?*

Böm

Fatlað fólk

Kynhneigð

Þjóðerni/uppruna

Fullorðna (18-67 ára)

Öryrkja (fólk með skert heilsufar)

Félags-/efnahagslega stöðu

Trúar-/lífsskoðun

Eldri borgara

Annað, hvað?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Liggja kyngreindar upplýsingar fyrir vegna þeirra breytinga eða viðauka sem til umfjöllunar eru?

Já

Nei

Liggja fyrir aðrar greiningar á upplýsingum um þjónustupega?

Já

Nei

Á ekki við

Vinsamlega gerið grein fyrir hvers konar greiningar liggja fyrir.

---

---

---

Vinsamlega gerið grein fyrir hvers konar greiningar þyrfti að gera.

---

---

---

### Spurningar um starfsfólk

Hvert er kynjahlutfall starfsfólks í viðkomandi málaflokki?

Hefur ákvörðunin áhrif á starfshlutfall eða laun starfsmanna?

Ef svo er, koma þau áhrif misjafnlega við kynin?

### Spurningar til umræðu

Hefur ákvörðunin áhrif á líf fólks?

Er munur á stöðu fólks í málaflokknum?

Er hætt á að ákvörðunin feli í sér misrétti þannig að hagur þeirra sem þegar eiga undir högg að sækja verði enn verri?

Getur ákvörðunin stuðlað að jafnrétti?

Er ákvörðunin í samræmi við þau almennu markmið sem sett hafa verið í jafnréttismálum í málaflokknum?

### Athugasemdir/útskýringar

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---